



2016.03.07

Mikilvæg öryggistilkynning

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Vara: Splash Pool Lift

Tilvísun: FSN-001

Kæri viðskiptavinur,

við viljum láta þig vita af mögulegum vandamálum varðandi Splash™ sundlaugarlyftuna. Vinsamlegast hættu strax notkun Splash sundlaugarlyftunnar.

Lýsing á vandamálinu:

S.R.Smith hefur nýlega komist að því, gegnum eftirlit á markaði í Bandaríkjunum, að samskeyti á grunni tiltekinna eininga lyftunnar geta gefið sig. Ef þetta gerist, hrynur lyftan og við það getur sá sem sat í lyftunni slasast. S.R.Smith hefur ekki verið tilkynnt um slys vegna bilunarinnar og ekki hafa verið skráð vandamál af þessu tagi utan Bandaríkjanna.


Bilunin getur átt sér stað í eftirfarandi gerðum –

VARA	SKRÁNINGARNÚMÉR	FRAMLEIÐSLUDAGSETNING
Splash! Sundlaugarlyfta	300-0005	Janúar 2013 – september 2015

Auðkenni sundlaugarlyfta sem þetta hefur áhrif á:

Samkvæmt gögnum okkar er Splash sundlaugarlyftan þín ein af þeim sem þetta hefur áhrif á. Skráningarnúmerið og framleiðsludagsetningin og raðnúmerið finnur þú á skráningarmiða vörunnar sem er neðst á mastri lyftunnar.

S.R.Smith vinnur hörðum höndum að því að leiðrétta bilunina. Við erum að vinna að því að framleiða grunneingar sem hægt er að nota til að skipta út þeim gölluðu og við munum hafa samband við þig eins fljótt og mögulegt er með upplýsingar varðandi nýju einingarnar.





Hvað þarf notandinn að gera?

- Hætta notkun lyftunnar
- Staðfesta móttöku þessarar tilkynningar með því að fara inn á www.splashliftinfoeu.com og fylla út staðfestingarformið.
- Skipta út gölluðu einingunum fyrir þær nýju um leið og þær berast.

Hvenær koma nýju einingarnar?

Við erum að vinna með okkar birgjum að því að setja saman eigningarnar og flýta framleiðslunni. Við búumst við því að geta sent nýju einingarnar af stað í vikunni sem hefst 2016/03/21. Ef þú vilt fá uppfærðar upplýsingar varðandi sendinguna skaltu biðja um tilkynningar í tölvupósti á www.splashliftinfoeu.com.

Hvað tekur langan tíma að skipta einingunum út?

Það tekur um 20 - 30 mínútur að skipta einingunum út. Þegar skipt er um einingarnar þarf að losa um boltana neðst á mastrinu og lyfta mastrinu af grunninum; því næst þarf að skipta núverandi grunneiningum út fyrir nýju einingarnar og festa mastrið aftur. Sá sem skiptir einingunum út þarf að geta lyft 15 kg eða hafa með sér einhvern sem aðstoðar við að skipta einingunum út. Farðu inn á www.splashliftinfoeu.com til að skoða myndband af ferlinu.

Hvar nálgast ég frekari upplýsingar?

Vinsamlegast skoðaðu www.splashliftinfoeu.com til að fá upplýsingar um ferlið sem fara þarf í gegnum til að skipta einingunum út og þar finnur þú myndband sem sýnir hvernig þetta er gert.

Við sendum þér frekari upplýsingar um ferlið. Ef þú vilt frekar fá upplýsingarnar í tölvupósti skaltu fara inn á www.splashliftinfoeu.com og skoða nýjustu upplýsingar og biðja um tilkynningar í tölvupósti.

Við biðjumst innilegrar velvirðingar á óþægindunum sem þetta kann að valda. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hafa samband í síma +1 (503) 266-0249 eða senda tölvupóst á splashinfo@srsmith.com.

Kær kveðja,

Scot Newport
Framkvæmdastjóri aðgerða